STJÓRNARTÍÐINDI C – 1988

3. janúar 1988 Nr. 1

AUGLÝSING

um breytingar á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944.

Hinn 17. maí 1971 var framkvæmdastjóra Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar á 50. gr. a-lið samþykktarinnar um alþjóðaflugmál (stofnskrár Alþjóðaflugmálastofnunarinnar) frá 7. desember 1944, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 50. Breytingin var gerð í New York 12. mars 1971. Breytingin öðlaðist gildi 16. janúar 1973. Með breytingunni var fulltrúum í fastaráði stofnunarinnar fjölgað úr 27 í 30.

Hinn 27. september 1971 var framkvæmdastjóranum afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar á 56. gr. samþykktarinnar sem gerð var í Vín 7. júlí 1971. Breytingin öðlaðist gildi 19. desember 1974. Með breytingunni var fulltrúum í loftsiglinganefnd stofnunarinnar fjölgað úr 12 í 15.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. janúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

3. janúar 1988 Nr. 2

AUGLÝSING

um gildistöku breytinga á samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO).

Hinn 10. nóvember 1984 öðluðust gildi breytingar á samþykkt um Alþjóðasiglingamálastofnunina frá 6. mars 1948 sem þing stofnunarinnar gerði með ályktun A.400(X) 17. nóvember 1977 og ályktun A.450(XI) 15. nóvember 1979, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1980 þar sem breytingarnar eru birtar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. janúar 1988.

Steingrímur Hermannsson.

Hannes Hafstein.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.